

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/677

2018/EES/64/06

frá 3. maí 2018

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun támatíns (E 957) sem bragðaukandi efni í tilteknum matvælaflokkum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 <sup>(2)</sup>, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Támatín (E 957) er leyft til notkunar í Sambandinu, í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, sem matvælaaukefni í ólíka matvælaflokkum og í tilteknu notkunarmagni.
- 4) Hinn 12. nóvember 2014 var lögð fram umsókn um rýmkun á notkun támatíns (E 957) sem bragðaukandi efni í nokkra matvælaflokka í tilteknu notkunarmagni. Framkvæmdastjórnin gerði umsóknina aðgengilega fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 5) Vísindanefnd Evrópusambandsins um matvæli lagði mat á támatín 1984 <sup>(3)</sup> og 1988 <sup>(4)</sup>. Támatín var talið ásættanlegt til notkunar og ásættanleg, dagleg inntaka fastsett sem „ekki tilgreind“. Í síðara matinu var einnig bent á að támatín, sem prótín, meltist í venjulega efnisþætti matvæla.
- 6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 7) Hinn 13. nóvember 2015 gaf Matvælaöryggisstofnunin út vísindalegt álit <sup>(5)</sup> um öryggi tillagðrar rýmkunar á notkun og notkunarmagni támatíns (E 957) sem matvælaaukefni. Við veitingu slíks álits ákvað Matvælaöryggisstofnunin að samanagerðin á váhrifum, sem leiða af núverandi notkun og notkunarmagni, og váhrifum, sem leiða af tillagðri viðbótarnotkun, myndi nægja til að fjalla um öryggi támatíns.
- 8) Áætluð váhrif frá támatíni, bæði við þá notkun sem nú er leyfð og við tillagða rýmkaða notkun og notkunarmagn, leiddu til meðaltalsinntöku á bilinu 0,03 til 0,10 mg/kg líkamsþyngdar/dag hjá öldruðum og allt að 0,13 til 0,34 mg/kg líkamsþyngdar/dag hjá börnum. Mikil váhrif voru á bilinu 0,13 til 0,32 mg/kg líkamsþyngdar/dag hjá unglíngum og allt að 0,09 til 1,10 mg/kg líkamsþyngdar/dag hjá fullorðnum. Þetta teljast vera minni háttar váhrif á neytendur og er því ekki öryggisvandí.
- 9) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu, byggt á fyrirliggjandi eiturefnafræðilegu mati, að tillögð rýmkun á notkun og breytingar á notkunarmagni myndu ekki valda öryggisvanda.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2018 frá 21. september 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli varðandi sætuefni (álit af hálfu vísindanefndarinnar um matvæli sett fram 14. september 1984). Aðgengilegt á Netinu: [http://aei.pitt.edu/40825/1/16th\\_food.pdf](http://aei.pitt.edu/40825/1/16th_food.pdf)

<sup>(4)</sup> Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli varðandi sætuefni (21. ritröð). Álit sett fram 11. desember 1987 og 10. nóvember 1988 og samþykkt 10. nóvember 1988. Aðgengilegt á Netinu: [http://aei.pitt.edu/40830/1/21st\\_food.pdf](http://aei.pitt.edu/40830/1/21st_food.pdf)

<sup>(5)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(11), 4290.

- 10) Þó að Matvælaöryggisstofnunin hafi reiknað út váhrif af völdum támatíns (E 957) með því að nota núverandi hámarksnotkunarmagn og tillagða rýmkun á notkun og notkunarmagni, eins og umsækjandinn lagði fram, ætti að takmarka notkun támatíns (E 957) sem bragðaukandi efnis við þá matvælaflokka þar sem um er að ræða réttmæta tæknilega þörf sem ekki er hægt að ná með öðrum efnahagslega og tæknilega framkvæmanlegum leiðum og þannig að notkun þess villi ekki um fyrir neytendum.
- 11) Notkun á támatíni (E 957) sem bragðaukandi efni bætir skynmatseiginleika bragðmikilla matvæla. Támatín getur aukið umami- og kryddbragð í sósum og nasli og gert matvælin þannig að þau falli betur að smekk manna.
- 12) Því er rétt að leyfa notkun támatíns (E 957) sem bragðaukandi efni í vörur í matvælaflokkum 12.6 „Sósur“ og 15.1 „Nasl sem er að stofni til úr kartöflum, korni, hveiti eða sterkju“ í hámarksmagni sem nemur 5 mg/kg í hvorum matvælaflokki.
- 13) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í matvælaflokki 12.6 „Sósur“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 955:

	„E 957	Támatín	5		Einungis sem bragðaukandi efni“
--	--------	---------	---	--	---------------------------------

- 2) Í matvælaflokki 15.1 „Nasl sem er að stofni til úr kartöflum, korni, hveiti eða sterkju“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 955:

	„E 957	Támatín	5		Einungis sem bragðaukandi efni“
--	--------	---------	---	--	---------------------------------